



Foreldrakönnun Höfðabergs  
Lokaskýrsla  
Skólaárið 2014-2015

Helena Katrín Hjaltadóttir

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Niðurstöður.....	4
Opin svör.....	8
Lokaorð .....	8

## Inngangur

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og framkvæma samkvæmt henni. Tilgangur sjálfsmats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið. Höfðaberg er nýtt útibú Lágafellsskóla en fyrsta starfsár þess var skólaárið 2014-15. Það ár voru nemendur við Höfðaberg 124 talsins. Þar af voru 54 nemendur í þremur fimm ára deildum og 70 nemendur í fjórum 1. bekkjum. Stýrimenn voru Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Ágústa Andrésdóttir, forstöðumaður frístundar og Helena Katrín Hjaltadóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar.

Starfssemi leikskóladeilda, grunnskólabeckja og frístundar fléttaðist saman flesta daga vikunnar með samvinnu nemenda og starfsmanna. Starfsmenn nýttust því í starfi með öllum börnum Höfðabergs.

Húsnæði Höfðabergs var í uppbyggingu stóran hluta skólaársins og var það helst það húsnæði sem ætlað var starfsfólki sem ekki var tilbúið þegar skólastarfið hófst að hausti.

Þar sem um fyrsta starfsár nýs útibús var að ræða þótti mikilvægt að kanna hug foreldra til starfsins og taka við ábendingum en einhverjar væru.


Rafrænn spurningarlisti var unninn í forritinu Lime Survey. Spurningalisti snerist um líðan nemenda, starfið sjálft og húsnæði og lóð Höfðabergs. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 5 ára deildum og 1. bekkjum í tölvupósti í maí.

Könnunin innihélt sjö spurningar og að auki gafst foreldrum kostur á að koma á framfæri ábendingum eða öðru sem þeir vildu að kæmi fram. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá tæplega 93% foreldra.

Vert er að taka fram að niðurstöður eru byggðar á svörum þeirra sem luku könnuninni. Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr foreldrakönnuninni.


## Niðurstöður

Foreldrar voru spurðir hvort skipulag skóladagsins hentaði barni þeirra vel. Niðurstöður sýna að tæplega 92% foreldra voru mjög eða frekar sammála að svo væri. Hlutfallið var tæplega 93% meðal foreldra 5 ára barna og tæplega 91% hjá foreldrum 1. bekkina.




**Mynd 1.** Skipulag skóladagsins hentar mínu barni vel

Foreldrar voru því næst spurðir hvort þeir væru ánægðir með samvinnu milli árganga í Höfðabergi. Tæplega 73% foreldra voru mjög sammála eða sammála því að þeir væru ánægðir með samvinnuna, rúmlega 24% voru hvorki sammála né ósammála. Meðal foreldra fimm ára nemenda voru rúmlega 90% foreldra mjög eða frekar sammála. Meðal foreldra 1. bekkina voru rúmlega 62% mjög eða frekar sammála og rúmlega 36% voru hvorki sammála né ósammála.




**Mynd 2.** Ég er ánægð(ur) með samvinnu milli árganga í Höfðabergi

Þegar spurt var hvort foreldrar teldu skólalóðina henta aldurshóp Höfðabergs vel, kom fram að tæplega 77% foreldra eru mjög eða frekar sammála að svo sé. Rúmlega 73% foreldra 5 ára barna voru mjög eða frekar sammála og tæplega 79% foreldra nemenda í 1. bekk.




**Mynd 3.** Skólalóðin hentar aldurshóp skólans vel

Spurt var um ánægju foreldra með skólahúsnæðið í Höfðabergi. Fram kom að rúmlega 68% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að vera ánægðir með skólahúsnæðið, tæplega 16% voru hvorki sammála né ósammála og tæplega 16% voru frekar eða mjög ósammála. Meðal foreldra 5 ára barna voru tæplega 59% mjög eða frekar sammála og tæplega 15% mjög eða frekar ósammála. Meðal foreldra nemenda í 1. bekk voru rúmlega 74% foreldra mjög eða frekar sammála og tæplega 17% mjög eða frekar ósammála.




**Mynd 4.** Ég er ánægð(ur) með skólahúsnæðið á Höfðabergi

Þegar kannað var hvort ánægja væri meðal foreldra með frístundaaðstöðuna í Höfðabergi, kom fram að tæplega 61% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að þeir séu ánægðir með aðstöðuna. Rúmlega 27% voru hvorki sammála né ósammála og rúmlega 12% voru frekar eða mjög ósammála. Þónokkur munur var á svörum foreldra eftir því hvort þeir eiga barn í 5 ára deild eða 1. bekk en það skýrist að einhverju leyti af því að flestir nemendur 5 ára deilda nýta frístundasvæðið aðeins að morgni til þegar foreldrar eru ekki á staðnum og foreldrar því mögulega ekki kunnugir aðstöðunni. Meðal foreldra 5 ára barna voru tæplega 37% mjög eða frekar sammála því að þykja aðstaðan góð en tæplega 76% foreldra nemenda í 1. bekk.




**Mynd 5.** Ég er ánægð(ur) með frístundaaðstöðuna á Hólfabergi

Spurt var um líðan barna á Hólfabergi og kom fram að tæplega 93% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að að barni þess liði vel á Hólfabergi. Ekki var munur á milli þeirra foreldra sem eiga barn á 5 ára deildum og 1. bekkjum.



**Mynd 6.** Barninu mínu líður vel í Hólfabergi

Spurt var hvort foreldrar teldu sig mæta jákvæðu viðmóti frá starfsfólki Höfðabergs. Niðurstöður sýna að rúmlega 93% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að svo sé. Tæplega 90% foreldra 5 ára barna og rúmlega 95% foreldra nemenda í 1. bekk.



**Mynd 7.** Ég fæ jákvætt viðmót frá starfsfólki í Höfðabergi

## Opin svör

Í opnum svörum komu foreldrar á framfæri þakklæti til starfsfólks fyrir góða og hlýja umönnun barna sinna. Ánægja með starfsemi kom fram hjá mörgum og einnig kom alloft fram ánægja með hvernig tekist hefur til með húsnæðismál. Einnig komu fram ábendingar um ýmislegt sem betur má fara svo sem við skólalóðina, fótboltavöllinn og fleiri þætti. Nokkrir nefndu að bílastæði væru of fá við skólann sem og að aðgengi og aðstaða á skólalóð hefði verið í ólagi fyrstu mánuðina.

Þær ábendingar sem komu fram í opnum svörum verður farið yfir og brugðist við með úrbótum.

## Lokaorð

Niðurstöður foreldrakönnunar sýna að almenn ánægja er meðal foreldra með þá starfssemi sem verið hefur í Höfðabergi skólaárið 2014-2015. Sú skólaþróun sem hefur átt sér stað á



árinu mun halda áfram næstu ár í Höfðabergi og verða ábendingar sem fram hafa komið frá foreldrum nýttar í þá þróunarvinnu.